

Fundargerð

Stjórnarfundur FÍSOS haldinn í Grasagarðinum í Reykjavík, fimmtudaginn 4. október 2012.

Fundartími: 11-12.30. Mættir voru: Sigríður Melrós Ólafsdóttir, formaður, Bergsveinn Þórsson, Hildur A. Gunnarsdóttir, Jón Allanson, Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir. Arndís Bergsdóttir var á símafundi.

1. Framhaldsaðalfundur

Samþykkt að boða til framhaldsaðalfundar kl. 13, laugardaginn 1. febrúar 2013.

Tillögur að fundarefni á aðalfundi:

Nýtt umhverfi og ný lög.

Tilkynna farskóla 2013.

Ræða félagsjöld.

2. Farskólinn 2013

Samþykkt að finna farskólastjóra sem fyrst sem mun kanna möguleika á annarsvegar að hafa skólann erlendis eða innanlands 2013. Staðsetning skólans verður síðan tilkynnt á framhalds-aðalfundinum.

3. Skýrsla um hlutverk FÍSOS

Markmiðið er að skila skýrslunni til FÍSOS-stjórnar upp úr miðjum des. Þá getur stjórnin fundað um skýrsluna fyrir framhaldsaðalfundinn.

Hvað varðar lagabreytingar þá þurfa þær að vera gerðar í tíma. Ákveðið að hittas Hittast þriðjudaginn 3.1.13 til þess að ræða skýrsluna.

4. Styrkur vegna starfsemi FÍSOS

þarf að senda bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytisins með greinargerð um hvernig styrkurinn var nýttur. SMÓ og JA ganga í það sem fyrst að nálgast þessa peninga. JA velti fyrir sér hvernig beri að bókfæra kostnað vegna álits lögfræðings vegna vinnslu við skýrsluna. Eins þarf að ræða greiðslu vegna gerðar skýrslunnar. Ákveðið að geyma þar til í lok fundarins þegar AB hefur farið af fundi.

5. Málþing – Náttúruminjasafn

AB sagði að það beri að standa að faglegri umræðu um stöðu safna og stöðu þessa málaflokks. Málþingið gæti orðið í byrjun nóvember 2012. SMÓ hefur samband við ráðherra og MH. HAG kannar með fyrirlesara úr umhverfis og auðlindafræði.

Tillögur eru um að hafa málþing einfalt, einungis 3 erindi: 1. Erindi AB 2. Erindi Hjörleifs Finnssonar 3. Erindi sem tengist umhverfisfræði. Þarf að finna fyrirlesara.

Bergsveinn vék af fundi.

6. Inntaka nýrra félaga.

Læknaminjasafn sendi inn beiðni um inntöku fyrir safnið. Samþykkt.

Guðrún Publishing sendi uinmsókn um fyrir sig (Önnu Lísu) eða Safnabókin. Frestað.

Rætt í framhaldinu af þessu um eyðublaðið fyrir umsókn sem er á vefsíðu FÍSOS. Þarf að endurskoða það með tillit til safna-aðildar.

7. Önnur mál.

SMÓ sagði frá árlegri ráðstefnu sem fulltrúa FÍSOS er boðið á í febrúar 2013: NEMO – Evrópsk félag safna. Ákveðið að sleppa því nú en athuga að ári.

Arndís vék af fundi.

8. Greiðsla fyrir vinnu AB við gerð skýrslu FÍSOS

Samþ. Að greiða AB kr. 300 þús. fyrir þessa vinnu.

9. Styrkir og annað.

Samþykkt að FÍSOS sækir aftur til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Einnig samþykkt að sækja um í safnasjóð f. 20. nóvember, til að reksturs félagsins .

Fundi slitið kl. 12.50.